

FRÉTTATILKYNNING

22.janúar 2008.

Reykvíkingar hafa nú tekið höndum saman um að sitja ekki þegjandi undir yfiringilegum vinnubrögðum sem fengið hafa titilinn "Velferð og öryggi"!!!

Þessi vinnubrögð fá ekki blíðar móttökur borgarbúa. Sjálfstæðisflokkurinn og Ólafur F. Magnússon skulu gera sér ljóst hve óánægjan er mikil með þessa framkomu sem sýnir lítilsvirðingu við kjósendur í borginni.

Þar sem ekki er nokkur leið að knýja fram nýjar kosningar, sem væri eðlilegast þegar meirihlutinn í borginni stendur og fellur með einum manni, er okkur ekki annað fært en að mótmæla þessum vinnubrögðum kröftuglega með öðrum hætti.

Nú hefur farið af stað undirskriftasöfnun sem afhent verður nýjum meirihluta á borgarstjórnarfundum n.k. fimmtudag.

Hér að neðan má sjá það bréf sem fer nú eins og eldur í sinu um netið.

KV, LÍSA KRISTJÁNSDÓTTIR, REYKVIKINGUR
Gsm: 899 9225
lisa@turf.is

NÚ ER OKKUR NÓG BOÐIÐ!

Við undirrituð mótmælum þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru við myndun meirihluta Sjálfstæðisflokks og Ólafs F. Magnússonar. Við mótmælum borgarstjóra með 6527 atkvæði á bak við sig sem enginn veit hvort eru til komin vegna Frjálslynda flokksins, málefna hans eða kjörþokka Ólafs sem einstaklings. Hluti þessara atkvæða var augljóslega ætlaður Margréti Sverrisdóttur sem ekki styður nýjan meirihluta Ólafs F. Magnússonar og Sjálfstæðisflokks.

Við látum þetta ekki yfir okkur ganga hljóðalaust.

GERUM ALLT SEM Í OKKAR VALDI STENDUR TIL AÐ SPYRNA VIÐ FÓTUM OG SÝNA Í VILJA OG VERKI AÐ ÞETTA VILJUM VIÐ EKKI!

Til stendur að safna undirskriftum og afhenda nýjum meirihluta á opnum fundi Borgarstjórnar á fimmtudag. Þar sem ekki er "Í BOÐI" að blása til nýrra kosninga er okkur ekki stætt á örðu en að sýna fram á hversu lítinn stuðning þessi meirihluti hefur og hversu lítinn stuðning þessi vinnubrögð hafa!

Ef Ólafur vitnar í sín 6527 atkvæði skulum við gera slíkt hið sama - söfnum jafnmörgum undirskriftum!!!

Sendið áfram og skrifið undir,

<http://www.petitiononline.com/nogbodid/>

Kv, LÍSA KRISTJÁNSDÓTTIR, REYKVIKINGUR
lisa@turf.is